

Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands 30. september 2005 kl. 15

1. Helgi Hermannsson formaður setti fund, bauð fundamenn velkomna og stakk upp á Hannesi Stefánssyni sem fundarstjóra. Samþykkt.

2. Formaður flutti skýrslu stjórnar. Stjórnin hélt 8 formlega stjórnarfundum auk fjögurra almennra funda. Meðal annars var fjallað um stuðning við grunnskólakennara í kjarabaráttu sinni, kjarasamning framhaldsskólakennara, skipan í nýja samstarfsnefnd sem vinna skal eftir samningunum frá 2005. Fundir og ráðstefnur voru sótt, einkum af Herði, Ægi Pétri og Helga Herm. Laugvetningum var boðið heim á haustdögum 2005 og þeir drifnir í gönguferð og tilheyrandi veitingum og gamanmálum fram eftir kvöldi. Helgi Herm. setti upp vefsíðu félagsins með margs konar upplýsingum. Það sem vantaði helst var meiri tenging út í faglega þætti starfsins sem áður voru ofar á verkefnalistanum. Stefnt er að því að stofna sérstakt fagråd til að hressa upp á þennan þátt í starfinu. Engar athugasemdir.

3. Anna Þóra flutti skýrslu gjaldkera. Gjaldkeri skilar góðu búi. Í sjóði eru um 95 þús. og hagnaður tæp 40 þús. Fyrir grunnskólakennara var safnað myndarlegri upphæð meðal almennra félagsmanna sem að sjálfsögðu kemur ekki fram í reikningum. Engar athugasemdir.

4. Lagabreytingar vegna óskar stjórnar FF um að samræma lög félagsdeilda. Fundarstjóri fór yfir tillögur að lagabreytingum lið fyrir lið.

1. gr.: óbreytt

2. gr.: d) kjósa 1 fulltrúa...

e) kjósa (í stað tilnefna) ... samkvæmt kjarasamningi

g) kjósa þriggja manna ... kemur að (með fellur út) faglegu starfi (15:6)

3. gr.: Óbreytt (breytingatillaga dregin til baka (allir út, en innkemur...milli kennarafélaganna

4. gr.: ... skal haldinn árlega að hausti...

5. gr.: Samþ.

6. gr.: Samþ.

7. gr.: kosin á aðalfundi (ekki fundum) Samþ.

8. gr.: Samþ.

9. gr.: ... fundargerðir stjórnar samþykktar...Samþ.

10. gr.: Samþ.

11. gr.: Lögum þessum má ádeins breyta...

12. gr.: Samþ.

5. Kosningar.

Tillaga stjórnar um aðalmenn í sjórn: Helgi Hermannsson, Anna Þóra Einarsdóttir, Gísli Skúlason og Hörður Ásgeirsson. Samþykkt með lófataki.

Varamenn: Örlygur og Ægir Pétur.

Skoðunarmenn reikninga: Ægir Sig og Álfhildur.

Varatrúnaðarmaður til eins árs (í stað Bjargar): Eysteinn Jónasson

Samstarfsnefnd: Hörður Ásgeirsson, Vera Valgarðsdóttir, Sigurður Grímsson, Gísli Skúlason, Álfhildur Eiríksdóttir, Þórunn Jóna Hauksdóttir.

Fagráð: Tillaga stjórnar; Jón Özur, Ester Ýr og Helga Jóhannesdóttir.

Fulltrúi á Fulltrúafund FF: Helgi Hermannsson.

6. Starfsáætlun næsta árs. Gísli greindi frá hugmyndum stjórnar, meðal annars að heimsækja Framhaldsskóla Snæfellinga á þessu skólaári. Fyrirsjáanleg er mikil vinna í samstarfsnefnd við vinnu stofnanasamnings kjarasamninganna.

7. Önnur mál

Hörður greindi frá störfum samstarfsnefndar og því sem framundan er á þeim vettvangi, meðal annars námskeið fyrir fulltrúa í nefndunum.

Fundi slitið kl. 16:45